

Ed.

763. Frumvarp til hafnalaga.

[136. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. maí.)

I. KAFLI

Yfirstjórn hafnamála.

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn allra hafnamála.

2. gr.

Samgönguráðherra skipar hafnaráð sér til ráðuneytis um hafnamál. Í hafnaráði skulu eiga sæti fulltrúi tilnefndur af Hafnasambandi sveitarfélaga og tveir fulltrúar tilnefndir af samgönguráðherra. Skal annar þeirra vera starfsmaður samgönguráðuneytisins og er hann jafnframt formaður ráðsins. Tveir varamenn, sinn frá hvorum aðila, eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Hafnaráð skal skipa til 4 ára í senn.

Þóknun til hafnaráðsmanna greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Hafnaráð skal fjalla um öll meiriháttar skipulags-, rekstrar- og fjárfestingarmál Hafnamálastofnunar ríkisins og fylgjast almennt með starfsemi hennar.

Hafnaráð skal vera ráðgefandi um framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og um fjármál hafnanna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Hafnamálastjóri situr fundi ráðsins ásamt þeim starfsmönnum stofnunarinnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti. Skal hann leggja þar fyrir þau mál, sem hann telur falla undir verksvið ráðsins samkvæmt framansögðu eða ráðið óskar eftir. Skal það gert áður en hafnamálastjóri sendir viðkomandi erindi til samgönguráðherra, ef því verður við komið.

4. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt sem ákveðið er í lögum þessum.

Hafnamálastjóri skal, að fenginni umsögn hafnaráðs, skipaður af samgönguráðherra, til fimm ára í senn. Hann veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu jafnframt því sem hann gegnir starfi vitamálastjóra og annast framkvæmd laga um leiðsögu skipa. Heimilt er að endurskipa hafnamálastjóra svo oft sem vera vill.

Ráðherra skipar einnig yfirmenn deilda, sbr. 6. gr. Leita skal tillagna hafnaráðs og hafnamálastjóra um skipun í þessi störf.

Hafnamálastjóri ræður annað starfsfólk Hafnamálastofnunar samkvæmt ráðningarsamningi.

5. gr.

Hafnamálastofnun skal hafa umráð yfir tækjum sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni sem henni eru falin og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslíð og sérhæfð tæki. Sérstaklega skal stofnunin búin fullnægjandi rannsóknarbúnaði.

6. gr.

Hafnamálastofnun skal skipt í deildir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

II. KAFLI

Um stjórn hafna og rekstur.

7. gr.

Höfn táknað í lögum þessum nánar afmarkað svæði þar sem gerð hafa verið mannvirki til lestunar, losunar og geymslu fljótandi fara, hverju nafni sem nefnast, enda skal notkun hennar öllum heimil gegn ákveðnu gjaldi.

Til þess að um höfn geti verið að ræða samkvæmt lögum þessum þarf henni að hafa verið sett reglugerð samkvæmt staðfestu deiliskipulagi er tilgreini mörk hennar auk annarra nauðsynlegra stjórnunarákvæða.

8. gr.

Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitar- eða sýslufélög annaðhvort ein sér eða sem sameigendur.

9. gr.

Hafnarstjórn, skipuð 3—5 mönnum, hefur á hendi stjórn hafnar og hafnarsjóðs á þann hátt, sem eigendur hennar ákveða, og í samræmi við reglugerð.

Hafnarstjórn er kosin af eigendum hafnar. Séu þeir fleiri en einn fer um kosningu samkvæmt samningi.

Eigandi hafnar ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans, að fengnum tillögum hafnarstjórnar.

10. gr.

Ráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum eigenda hafna sérstaka hafnarreglugerð fyrir hverja höfn. Í reglugerðinni skulu m. a. vera ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi.
2. Kosningu, starfs- og valdsvið hafnarstjórna.
3. Starfsemi og umferð á hafnarsvæði.
4. Öryggi við flutninga og varnir gegn mengun.
5. Hafnsögu.
6. Viðurlög við brotum.

11. gr.

Eftirtalin gjöld skulu greidd fyrir afnot hafna:

1. Skipagjöld á skip þau og báta, er nota höfnina:
 - a) Gjöld, miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.
 - b) Fastagjöld fiskiskipa í heimahöfn.
 - c) Hafnsögugjöld.
 - d) Gjöld af ferjuflutningum.
 - e) Önnur þjónustugjöld.
2. Vörugjöld af vorum, sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald at sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.

3. Leigur fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
4. Leyfisgjöld eftir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið samkvæmt 18. gr.
5. Lóðargjöld.

Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins, og skal þá greiða vörugjöld í hafnarsjóð af þeim farmi er um þá bryggju fer. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta til sín vörugjöld af vörum, er fara um bryggjuna, nema hafnarstjórn samþykki.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki hjá þeim aðila sem samkvæmt reglugerð er gert að standa skil á greiðslum til hafnarsjóðs.

Skipagjöld skulu miðuð við stærð skipa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi skipi og vátryggingafé þess ef það skyldi farast. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Halda má eftir skráningar- og þjóðernisskránum til tryggingar greiðslu skipa- og vörugjalda.

Vörugjald af útflutningi og aflagjald skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila sem skuldar vörugjald.

Vörugjald af vörum, sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal af sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við almenna gjaldskrá samkvæmt 13. gr. og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð. Ákvæði þetta nær þó ekki til skipa undir 30 brúttórúmllestum að stærð þegar um sjávarafla er að ræða.

Lóðargjöld af löndum hafna skulu almennt reiknuð sem hundraðshluti af fasteignamati lóðar.

13. gr.

Hafnaráð skal, að fengnum tillögum Hafnasambands sveitarfélaga, gera tillögur til samgönguráðuneytisins, a. m. k. einu sinni á ári, um gjaldskrá samkvæmt 1. tl. a—b og 2 tl. 11. gr. Skal gjaldskráin við það miðuð að tekjur hafnarsjóðanna standi almennt undir rekstri og hæfilegu fjármagni til nýbygginga.

Slík gjaldskrá, staðfest af samgönguráðherra, skal gilda fyrir allar hafnir, er lög þessi ná til.

Önnur gjöld hafnarinnar ákveður viðkomandi hafnarstjórn.

Ráðuneytið getur heimilað einstökum hafnarstjórnnum frávik frá hinni almennu gjaldskrá ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

14. gr.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar. Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða. Eigandi hafnar ber ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

15. gr.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og senda hana Hafnamálastofnun ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum, enda hafi áður verið leitað samþykkis eigenda.

16. gr.

Halda skal reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok aprílmánaðar á næsta ári skal skrá rekstrar- og efnahagsreikning hafnarsjóðs á sérstök eyðublöð er Hafnamálastofnun lætur gera.

Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs, nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, en þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningnum.

Hafnarstjórn er skyld að senda Hafnamálastofnuninni allar aðrar upplýsingar sem hún kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar.

Hafnamálastofnuninni ber að senda hafnarsjóði viðskiptareikning síðasta árs fyrir 1. mars ár hvert ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

17. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær eignir hafnarsjóðs er notið hafa ríkisstyrks. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja kostnaðarsamar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins.

Til þess að Hafnamálastofnuninni sé unnt að fylgjast sem best með að ákvæði þessarar greinar séu haldin skal senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar, sé þess óskað.

18. gr.

Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnarinnar og er skyld að hafa samráð við hafnarstjórn og hafnamálastjóra við gerð þess.

Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæðinu nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Rísi ágreiningur skal málinu vísað til samgönguráðuneytisins til úrskurðar.

Sé leyfi til mannvirkjagerðar eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess fellur það úr gildi.

Hafnarstjórn er heimilt, ef nauðsyn krefur, að nema burt á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram sem hætta stafar af eða hafa staðið ónotuð í 5 ár eða lengur.

III. KAFLI

Um framkvæmdir í höfnum, greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl.

19. gr.

Frumkvæði um hafnargerðir er hjá eiganda hafnar og framkvæmdir við þær á ábyrgð hans.

20. gr.

Áður en hafnarframkvæmdir hefjast skal staðfest að fjármagn verði handbært til viðkomandi verkáfangna.

21. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land er þarf til þess að gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa að tekin verði í landi hans grjót, mól og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnarsjóði þeim sem hlut á að máli.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá krafist yfirmats, en það skal gert innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma af þremur dómkvöddum mönnum og greiðist kostnaður vegna þess samkvæmt venju.

22. gr.

Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu unnar undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunar ríkisins, og skulu allar áætlanir og uppdrættir sendar stofnuninni til samþykktar, svo og öll þau reikningsgögn er þarf til að annast nauðsynlega endurskoðun kostnaðar.

Hafnamálastofnunin annast framkvæmd verkþátta sem kostaðir eru að fullu af ríkissjóði, sbr. 26. gr., í samráði við viðkomandi hafnarstjórn.

Framkvæmd annarra verkþátta annast viðkomandi hafnarstjórn beint með eigin starfsliði eða með samningum við verktaka á grundvelli útboðs eða á annan hátt.

Fari hafnarstjórn þess á leit annast Hafnamálastofnun auk frumrannsókna framkvæmdir eftir því sem við verður komið, skipulagningu hafnarsvæða, hönnun einstakra mannvirkja og gerð kostnaðaráætlana.

23. gr.

Hafnarframkvæmdir eru kostaðar af sjálfsaflafé hafnarinnar og framlagi frá eigendum. Enn fremur greiðir ríkissjóður hluta af kostnaði við hafnargerðir, eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

24. gr.

Eftirfarandi hafnarframkvæmdir geta notið framlags úr ríkissjóði:

1. Undirbúningsrannsóknir og hönnun, þar með talið skipulag hafna og hafnarsvæða, svo og kostnaður við útboð einstakra styrkhæfra framkvæmda.
2. Framkvæmdir við hafnargarða, bryggjur, viðlegukanta, dýpkanir og uppfyllingar.
3. Dreifikerfi rafmagns, skólps og vatns sem nauðsynleg eru vegna starfsemi hafnarinnar, samkvæmt sérstakri ákvörðun hverju sinni.
4. Lagning varanlegs slitlags á umferðaræðar innan marka hafnarmannvirkja samkvæmt sérstakri ákvörðun hverju sinni.
5. Stofnkostnaður við siglingamerki, mengunar- og slysavarnir.
6. Framkvæmdir við upptökumannvirki fyrir skip.
7. Stofnkostnaður við hafnarvogir, hafnsögubáta og fasta krana til löndunar úr smábátum.

Niðurrif hafnarmannvirkja í eigu hafnarsjóðs telst hafnarframkvæmd enda sé það liður í nýbyggingu, til umhverfisbóta eða mannvirkið í vegi fyrir notkun annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

Sé mannvirki svo illa farið að til álita komi að endurbyggja það skal slík endurbygging því aðeins teljast styrkhæf að mannvirkið hafi hlotið eðlilegt viðhald að dómi hafnamálastjóra.

Styrkhæfur telst einnig vaxtakostnaður á byggingartíma, svo og lántöku- og annar fjármögnunarkostnaðar, ásamt kostnaði vegna hækkunar verðtryggðra lána og gengistaps verði hann til vegna hluta ríkissjóðs í framkvæmdinni og hafi verið stofnað til hans með heimild ráðuneytisins og fjárveitinganefndar Alþingis.

Til viðhalds hafnarmannvirkja teljast almennar viðgerðir og venjulegt viðhald, svo sem endurnýjun á þybbum, þekjum og lögnum, og er slíkt viðhald ekki styrkhæft.

Landa- og lóðakaup hafna njóta ekki ríkisstyrks.

Styrkhæfni framkvæmda skal ákveðin áður en þær hefjast.

Rísi ágreiningur um styrkhæfni framkvæmda skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

25. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu kostnaðar úr ríkissjóði samkvæmt 24. gr. eru:

1. Að sveitarfélag eða sýslufélag, eitt eða fleiri, hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins. Sé um fleiri en einn aðila að ræða skulu þeir hafa gert með sér samning um

kosningu hafnarstjórnar samkvæmt 9. gr., endurskoðun og úrskurð reikninga, enda hafi samningurinn verið staðfestur af ráðuneytinu og hafnarstjórn fullskipuð.

2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt á því landsvæði á strandlengju hafnarinnar sem talið er þurfa undir hafnarmannvirki og þá starfsemi sem fram fer við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verslunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun varðandi útgjöld og greiðslu kostnaðar sem eigandi hafnar hefur samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnaráðs og hafnamálastjóra.

26. gr.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnargerðum:

1. Ríkissjóður greiðir 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
2. Ríkissjóður greiðir 90% stofnkostnaðar við dýpkun aðalsiglingaleiðar að höfn samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.
3. Ríkissjóður greiðir allt að 75% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
Hafnargarða (öldubrjóta).
Bryggju- og viðlegukanta.
Dýpkanir, uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæði innan marka sem ákveðin eru af ráðuneytinu.
Siglingamerki.
Mengunar- og slysavarnir.
Vatns-, raf- og holræsilagnir um hafnarmannvirkin.
4. Ríkissjóður greiðir allt að 40% af stofnkostnaði við upptökumannvirki fyrir skip, hafnarvogir og fasta krana til löndunar úr smábátum.

27. gr.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda skulu sendar ráðuneytinu sem leitar áhlits hafnaráðs, hafnamálastjóra og hlutadeigandi hafnarstjórnar og sendir síðan tillögur sínar til fjárveitinganefndar Alþingis.

Fjárveitinganefnd Alþingis getur ákveðið að fengnum tillögum ráðherra, sem áður skal leita umsagnar hafnaráðs og hafnamálastjóra, að ríkisframlag samkvæmt 26. gr. verði lægra en þar greinir til hafna sem metnar eru fjárhagslega færar um að standa undir hærri kostnaðarþátttöku.

Mismunur framlaga úr ríkissjóði sem þannig myndast skal renna sem tekjur til Hafnabótasjóðs, sbr. 2. tl. 30. gr. þessara laga. Ákvæði þessarar mgr. tekur þó ekki til Reykjavíkurhafnar.

IV. KAFLI

Um framkvæmdaáætlanir.

28. gr.

Hafnamálastofnun skal vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn, en þó aldrei skemur en til fjögurra ára.

Við þessa áætlunargerð ber Hafnamálastofnuninni að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórnir, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð.

Sérstök fjögurra ára áætlun um hafnargerðir skal gerð á tveggja ára fresti. Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hvernig hafnar tillögur

sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórnnum tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar.

Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmdir í hafnamálum árið áður.

V. KAFLI

Um Hafnabótasjóð.

29. gr.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

30. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, eigi lægra en 15% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs.
2. Mismunur á fullu framlagi ríkissjóðs og því sem hafnarsjóði er ákveðið, sbr. ákvæði 27. gr.
3. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, sbr. 7. mgr. 12. gr.
4. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

31. gr.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða utan allt að 200 millj. kr.

32. gr.

Ráðherra ráðstafar fé Hafnabótasjóðs á eftirgreindan hátt, að fengnum tillögum hafnamálastjóra og hafnaráðs og með samþykki fjárveitinganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda með hliðsjón af fjárþörf í hverju tilviki.
2. Sjóðnum er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, þ. m. t. tjón sem ekki fæst að fullu bætt vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.
3. Sjóðnum er heimilt að veita styrk umfram ríkisframlag til nýrra hafnarframkvæmda sem nemi allt að 15% af heildarframkvæmdakostnaði til staða sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrriar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gilda orsaka.
4. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum.

33. gr.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

34. gr.

Seðlabanki Íslands annast í umboði ráðherra vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs og veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

35. gr.

Hafnabótasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af eigin lántökum.

36. gr.

Umsóknir um lán og styrki úr Hafnabótasjóði skulu sendar til samgönguráðuneytisins. Umsóknum skulu fylgja ítarleg gögn og rökstuðningur, þ. á m. reikningar hafnarinnar síðasta ár og almennar upplýsingar um fjárhag og fjárþörf hennar.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Hvers konar bótakröfum fyrir tjón, sem skip kunna að valda á eignum hafnarsjóða, fylgir lögtaksréttur.

38. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

Til tryggingar greiðslum sektar og vangoldinna gjalda samkvæmt lögum þessum er kyrrsetning heimil.

39. gr.

Ráðherra skal fyrir árslok 1984 setja reglugerð um framkvæmd þessara laga.

40. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld hafnalög nr. 45 24. apríl 1973 og lög nr. 83 31. maí 1976, um breytingu á þeim lögum, nema ákvæði laganna um greiðsluþátttöku ríkissjóðs sem falla úr gildi 31. desember 1984.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði um greiðsluþátttöku ríkissjóðs koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1985.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Samgönguráðuneytið skal taka upp viðræður við hreppsnefndir Neshrepps utan Ennis og Ölfushrepps, sem og bæjarstjórnir Keflavíkur og Njarðvíkur, um afhendingu mannvirkja landshafnanna á Rífi, Þorlákshöfn og Keflavík — Njarðvík til viðkomandi sveitarstjórna til eignar og reksturs samkvæmt hafnalögum. Heimilt er í viðræðum þessum að ákveða að framkvæmdaskuldir téðra hafnarsjóða verði yfirteknar af ríkissjóði.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. um skipunartíma hafnamálastjóra skal skipun núverandi hafnamálastjóra halda gildi sínu.